

## REGLUGERÐ

### um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2017 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 1. gr.

##### *Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2017 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

#### 2. gr.

##### *Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 3. gr.

##### *Úthlutun fjárframlags árið 2017.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2017 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2016 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2016 samtals kr. 1.255.856.982.859 og er áætlað fjárframlag ársins 2016 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 4.081.535.194 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	40.243.937	0,986%
Birta lífeyrissjóður	153.853.469	3,770%
Eftirlaunasjóður FÍA	9.999.761	0,245%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	2.081.583	0,051%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	5.469.257	0,134%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	653.046	0,016%
Festa lífeyrissjóður	414.459.491	10,155%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	158.445.196	3,882%
Gildi lífeyrissjóður	1.517.780.085	37,187%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	25.019.811	0,613%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	2.673.406	0,066%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	18.489.354	0,453%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	16.836.333	0,413%
Lífeyrissjóður bændu	15.020.050	0,368%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	26.652.425	0,653%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	346.930	0,009%
Lífeyrissjóður Rangæinga	27.489.140	0,674%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarkaupstaðar	3.387.674	0,083%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	4.816.212	0,118%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	1.693.837	0,042%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	2.979.521	0,073%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	22.815.782	0,559%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	215.300.981	5,275%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	125.241.907	3,069%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	82.140.896	2,013%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	16.489.402	0,404%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	2.265.252	0,056%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.510.168	0,037%
Lífsverk lífeyrissjóður	6.673.310	0,164%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	553.456.172	13,560%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	88.752.983	2,175%
Stapi lífeyrissjóður	439.234.410	10,762%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	79.263.413	1,942%
<b>Samtals</b>	<b>4.081.535.194</b>	<b>100,000%</b>

Við greiðslu fjárframlags ársins 2018, í október 2018, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2017 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2016.

#### 4. gr.

##### *Leiðrétting fjárframlags ársins 2016.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2015 er kr. 1.121.300.877.550. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2015 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1120/2016, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2016 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2015 er kr. 8.365.023.552 til hækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2016 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2016, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1120/2016, nemur því samtals kr. 27.186.327 til hækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2017 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. hækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	279.747	1,029%
Birta lífeyrissjóður	1.315.954	4,841%
Eftirlaunasjóður FÍA	82.510	0,304%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	4.214	0,016%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	33.439	0,123%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	6.389	0,024%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Festa lífeyrissjóður	2.656.920	9,773%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	1.247.445	4,590%
Gildi lífeyrissjóður	9.786.942	36,000%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	123.154	0,453%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	17.399	0,064%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	135.116	0,497%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	121.387	0,447%
Lífeyrissjóður bænda	108.337	0,399%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	184.323	0,678%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	3.670	0,014%
Lífeyrissjóður Rangæinga	184.051	0,667%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarkaupstaðar	24.196	0,089%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	23.516	0,087%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	10.331	0,038%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	18.215	0,067%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	179.022	0,660%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	1.508.026	5,547%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	823.746	3,030%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	497.646	1,831%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	157.681	0,580%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	18.894	0,070%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	12.506	0,046%
Lífsverk lífeyrissjóður	64.296	0,237%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3.592.401	13,214%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	596.876	2,196%
Stapi lífeyrissjóður	2.845.865	10,468%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	522.113	1,921%
<b>Samtals</b>	<b>27.186.327</b>	<b>100,000%</b>

## 5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð nr. 1120/2016 sama efnis.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 7. desember 2017.*

F. h. r.

**Haraldur Steinþórsson.**


---

*Anna V. Ólafsdóttir.*